

Fundargerð 381. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2016, mánudaginn 18. janúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til símafundar.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Steinþór Pétursson, Guðmundur M Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason og Ásta Björg Pálmadóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2015 - 1501031HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 380. fundar frá 14. desember sl.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Gjald Umhverfisstofnunar vegna eftirlits með móttöku og meðhöndlun úrgangs - 1601003HA

Lagt fram erindi frá Vesturbyggð um gjalddöku Umhverfisstofnunar vegna eftirlits með móttöku og meðhöndlun úrgangs.

Stjórn Hafnasambands Íslands leggur áherslu á að þessi eftirlitsgjöld sem og önnur séu sanngjörn og endurspegli þann kostnað sem eftirlitsstofnanir verða sannarlega fyrir.

3. Sameiginlegt útböð á rafmagni til hafnasjóða - 1511002HA

Lögð fram tilboð frá tveimur fyrirtækjum í að vinna úttekt á sölukerfum raforkufyrirtækja sem starfsmanni var falið að leita eftir á seinasta stjórnarfundum.

Ákveðið að taka hvorugu tilboðinu og fela starfsmanni að safna upplýsingum um rafmagnskostnað frá völdum aðildarhöfnum.

4. Hafnasambandsþing 2016 - 1509037HA

Lögð fram að nýju drög að dagskrá Hafnasambandsþings 2016.

Starfsmanni falið að vinna verkefnið áfram.

Fundi var slitið kl. 11:45

Gísli Gíslason

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Steinþór Pétursson

Guðmundur M Kristjánsson

Ólafur Þór Snorrason

Ásta Björg Pálmadóttir

Valur Rafn Halldórsson